

Skútustaðahreppur  
Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík, 13. október 2021  
UST202109-245/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Drög – Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og tillaga að deiliskipulagi - Skjólbrekka**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps barst 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að breytingu á aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Skjólbrekku við Skútustaði.

Í greinargerð kemur fram viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins er að auka framboð á lóðum sunnan Mývatns, en gert er ráð fyrir um nýjum lóðum undir íbúðir í nágrenni Skjólbrekku. Auk þess segir að leitast verður við að skapa aðlaðandi byggð, góð búsetuskilyrði með fallegu byggðamynstur og velferð íbúa í fyrirrúmi og við uppbyggingu á svæðinu verði tekið tillit til sérstöðu og náttúrufars.

#### **Verndun Mývatns og Laxár**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 2. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „*Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.*

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sé nauðsynlegt að samráð og samvinna verði við stofnunina varðandi verkefnið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur